4. Að snyrtifræðin sé á framhaldskóla stigi. Að snyrtinámið væri sett upp sem grunnnám og svo væri hægt að sérhæfa sig í einhverjum ákveðnum greinum. Mætti vera meira símat í snyrtifræði - ná ákveðinni meðaleinkunn og ef henni er ekki náð þá er lokapróf í boði.

Endurskoða mætingarskylduna á snyrtibraut. Endurskoða startpakkann í snyrtifræðinni. Að okkar mati mætti minnka förðunarsettið, bæta við naglalökkum, hreinsimjólk og andlitsvatni. Efni fyrir fót snyrtingu, augabrána- og augnháraliti (fá efni í allt sem við þurfum að nota í vikuleg skilaverkefni í skólanum).

Endurskoða að sleppa að gera fót snyrtingar heima (okkur finnst þetta heldur ósmekklegt að vera með fótakusk í sófanum heima).

Mætti sleppa dönsku sem skylduáfangi

Mætti breyta að hafa fisk tvisvar í viku og hafa kannski aðra hverja viku og elda kjúklinginn betur, þegar það er kjúklingur að hafa bara bringur og aldrei læri.

Á snyrtifræðibrautinni mætti hafa meira val og endurskoða suma áfanga t.d. Förðun þar sem að það er frekar úrelt og komnir eru förðunarfræðingar sem að fólk er mikið meira að fara til en það væri hægt að hafa förðun á brautinni ef að tekið er inn val og þá gæti hver og einn valið það sem að hann hefur áhuga á en að okkar mati mætti sleppa grunnförðun. Mætti bæta við nocco í matsalinn og meira úrvali í sjoppunni, mikið er af brauðmeti, mætti hafa harðsoðin egg og breyta stundum aðeins til í hvað er í boði ekki alltaf hafa það saman.

5. Mætti einnig færa snyrtibrautina, stækka hana og gera hana upp. Kaupa ný handklæði. Væri gaman í andlitsmeðferðar áfanganum að læra inn á vörur almennt en ekki bara Guinot og Academie

Koffinlaus skóli sem býður uppá kaffi ?bætið endilega við Nocco og hvítum monster.

Stofa

Fanneý Dögg Ólafsdóttir –

1. Hvað er gott og gagnlegt við það sem er kennt í FB núna?

Snyrtibrautin rokkar !!

2. Hvaða námsgreinar eru ómissandi að ykkar mati?

Öll fög á snyrtibraut eru ómissandi en mætti bæta og breyta innan ákveðinna áfanga.

3. Hvað myndir þú vilja læra í skólanum sem er ekki kennt?

Brow og lamination, verðlagning meðferða, kynning á rekstri á stofu, mætti leggja meiri áherslu á sölutækni. Meiri kynningu á því hvað er hægt að bæta við sig eftir nám, t.d. erlendis.

4. Hverju mætti breyta, sleppa eða gera öðruvísi? 5. Er eitthvað sem þið viljið bæta við?

Leggja meiri áherslu lit og plokk, Læra að setja upp mismunandi andlitsmeðferðir, búta niður í styttri einingar (húðhreinsun, nudd og maski o.s.frv.) Bæta við í líkamsmeðferðartæknunni 40 mín og 60 mín heilnudd. Leggja áherslu á auglýsingaförðun, tískuförðun, misminandi farðannir. Fá kynningu á special effects. Samræmi milli áfanga í hand og fót (sérstaklega í fót). Samræmi milli kennara í ákveðnum fögum. Kynning á líkamsmeðferðartækjum – uppfæra m.v stofur á Íslandi. Fá meirir tíma í heitsteinanuddinu í staðinn. Hafa kynningu á jurtum og leirmöskum í stað heils áfanga. Kynningar í has 30 nýttast ekki vel, hefðu viljað fá kynningu á gewohl fótakremum. Kaos í heimsókn í Össur – sniðugt en hefði mátt útfæra betur. Of mikið af litlum verkefnum sem gilda mjög lítið. Skýrari endurgjöf á verkefnum og prófum.

Stofa 207

Guðný Inga Ófeigsdóttir –

1. Gagnlegt að vera í íþróttum út af fríum aðgangi í ræktina, gott að hafa frí bílastæði, áfanginn fjármálafræði og stjórnmálafræði
2. Grunnáfangarnir
3. Tími þar sem kennt er t.d. hvernig á að koma fram, kynna fyrir framan fólk (lífsleikni)
4. Ætti að vera möguleiki að hafa íþróttir sem fjarnám, svo sem fá mætingu fyrir að mæta einn, ekki í hóptíma. Fá möguleikann á því að taka tvo eðlisfræði áfanga í staðin fyrir tvo grunnáfanga eins og í eðlisfræði og efnafræði.
5. Að hafa inntökupróf í áfanga fyrir þá sem eru góðir í því efni í stað þess að eyða tímanum sínum í efni sem þeir kunna.
6. Orkudrykkir, kaffi, súpur, núðlur, ávexti

Stofa 902

Ingimundur Einar Grétarsson –

Hvað er gott og gagnlegt við það sem er kennt í FB núna?

Smíðinn, að vera í verklegu námi, grunnteikning, rafvirkjun, mikill fjölbreytileiki í sambandi við nám.

Hvaða námsgreinar eru ómissandi að ykkar mati?

Stærðfræði, íslenska, enska, smíði, grunnteikning

Hvað myndir þú vilja læra í skólanum sem er ekki kennt?

Pípulagnir, vélvirkjun, frönsku, fleira í sambandi við verklegt

Hverju mætti breyta, sleppa eða gera öðruvísi?

Dönsku.

Er eitthvað sem þið viljið bæta við?

Hér kom ekkert frá nemendum að fyrra bragði, þótt gengið hafa verið eftir. Nemendur almennt ánægðir og sáttir.

Kennari spurði hópinn um varðandi lengd skóladags og álag. Af 11 nemendum sem mættir voru 9 nemendur á því að skóladagurinn væri langur og þeim þætti álag mikið. 2 nemendur voru á öðru máli, einn nýnemi og svo nemandi sem er um tvítugt og þarf ekki vegna sinnar menntunar að vera jafnframt í bóklegu námi.

Þegar nemendur voru spurðir hvort þeir myndu velja styttri skóladag þótt námið tækil lengri tíma og þeir þyrftu að vera lengri tíma í framhaldsskóla, var svarið hjá meirihluta þeirra sem svöruðu að þeir vildu styttri skóladag og lengri tíma í námi.

Varðandi framan sagt, er rétt að komi fram að kennarinn sem í hlut átti varðandi seinasta liðinn, hefur bæði áhuga og skoðanir á málinu og ber því að skoða það á málið var tekið fyrir og til umfjöllunar í því ljósi.

Stofa 36

Hlíf Árnadóttir – ÍSLE3NN05

Kennari skrifaði alla punkta sem voru nefndir. Sumir þeirra lýsa kannski skoðun einstaklings frekar en hóps.

1. Það sem er gott og gagnlegt:

- Fjölbreytni: mismunandi brautir, fjölbreytni, hægt að læra alls konar
- Mötuneyti: hollur, góður, ódýr matur
- Góð fög: skyndihjálpar, fjármálafræði, kynjafræði.
- Lítið heimanám, tekur ekki mikinn tíma af persónulega lífinu.

2. Ómissandi námsgreinar (undirstrikað það sem var nefnt nokkrum sinnum, feitletrað það sem nemendur lögðu áherslu á)

- Næringarfræði
- skyndihjálpar

- enska
- stærðfræði
- íslenska
- eðlisfræði
- **fjármálalæsi**

3. Hvað myndir þú vilja læra í skólanum sem er ekki kennt:

- stjörnufræði
- jóгатímar
- mismunandi tungumál, önnur en eru í boði
- fjármálafræði (skylda)
- meira um skattinn, stjórnmál
- undirbúa meira fyrir lífið og framtíðina (praktískt)

4. Hverju mætti breyta, sleppa, gera öðruvísi (og númer fimm blandaðist inn í þetta):

- Max 1 próf á dag
- reka lélega kennara
- meiri slaki á mætingu í fyrsta tíma, ekki miða við raunmætingu, setja meira efni á netið og leyfa heimavinnu frekar en mæta í tíma
- Taka líol úr snyrtifræði
- setja orkudrykki í matsalinn
- sami tími í sömu stofu
- sleppa dönsku,
- færri íþróttaáfanga
- íþróttaáfangar eru fáar einingar og passa ekki í töflu – breyta
- fækka náttúruvísindum á félagsvísindabraut
- engin lokapróf
- Hafa framhaldsskóla fjögur ár en ekki þrjú
- Hafa færri enskuáfanga
- Hafa upplýsingatækni ekki skyldi
- Kenna nem námstækni
- ekki of mörg próf þó að símat sé gott,
- fjölbreyttara nám í ensku,
- grjónagratutur í hádeginu
- fleiri stóla á göngunum

Stofa 309

Soffía Margrét Magnúsdóttir – Fata- textíl og opin braut

Hvað er gott og gagnlegt við það sem er kennt í FB núna?

Ánægja með fata- og textílbrautina, góðir áfangar á öllum brautum, miklir valmöguleikar á opinni braut, ánægja með að geta tekið Portfolio áfangann á myndlistabrautinni.

Hvaða námsgreinar eru ómissandi að ykkar mati?

Grunnáfangar í íslensku, ensku, stærðfræði. Á fata- og textílblaut eru það saumtækni, þrjón, tískuteikning og litun og svo var nefnt íþróttir

Hvað myndir þú vilja læra í skólanum sem er ekki kennt?

Fjármálafræði - eins og hvernig á að kaupa íbúð. Hvernig fjármálamarkaðurinn virkar. Tónfræði í jakkaáfanganum megi velja hvort maður gerir kjól eða jakkafata buxur

Hverju mætti breyta, sleppa eða gera öðruvísi?

Færri göt í stundatöflu Auglýsa viðburði með meiri fyrirvara Frjáls mæting í lokaáfangann í fata- og textíl Hádegishlé of stutt má vera 60 mín. Meira val Gæti hugsað sér að taka einn áfanga í dönsku, einn áfanga í spænsku og einn í þýsku á blaut Of mikið val á opinni blaut,

Er eitthvað sem þið viljið bæta við?

Fleiri möguleikar í íþróttum fyrir nemendur sem eru ekki á íþróttablaut það mætti líka gera íþróttir að valgrein á fata- og textílblautinni. bílastæði of fá

Stofa 903

Heimir Jónsson – TRST3HH05

- Hvað er gott og gagnlegt við það sem er kennt í FB núna?
Lokaáfanginn er mjög góður vegna þess að hann undirbýr okkur undir sveinsprófið.

Teikniáfangarnir eru líka góðir, fáum þar góðan grunn í að lesa og skilja teikningar. Eykur líka færni okkar í að teikna í teikniforritum.

- Hvaða námsgreinar eru ómissandi að ykkar mati?
Lokaáfanginn er ómissandi og líka smíðin á kofunum úti á plani er líka góður. Skyndihjálp

- Hvað myndir þú vilja læra í skólanum sem er ekki kennt?
Það væri gott að læra parketlagn og líka fleiri mismunandi aðferðir til að glerja og aðferðir í gluggaísetningu.
Fleiri iðngreinar, t.d. pípulagnir, múrarinn, málarnir o.fl.
Fá að læra á fleiri teikniforrit, ekki bara AUTOCAD!

- Hverju mætti breyta, sleppa eða gera öðruvísi?
Ekki hafa dönsku sem skylduáfanga og hafa stærðfræðiáfanga sem höfðar meira til húsasmíðarinnar. Hafa fleiri áfanga tengda húsasmíði, ekki húsgagnasmíði.
Halda betur um nemendur sem eru að stíga sín fyrstu skref í vinnustaðanám eða á samning. Passa að þau séu að fá kennslu þannig að hægt sé að uppfylla ferilbók. Fræða þau um nemalaun og hvernig skal varast svik á þeim.

- Er eitthvað sem þið viljið bæta við?
Við viljum fá betri kaffistofu fyrir húsasmíðanema sem er með betri kaffivél og betri sjálfsala sem fyllt er á reglulega og er með meiri valmöguleika.
Stækka þarf bílastæðið við smíðjuna, helst að hafa þau merkt skólanum. Reyna að koma í veg fyrir að lagt sé húsbílum, hjólhýsum og trukkum í bílastæðunum.

Stofa

Andrea Jónsdóttir – STÆR2RM05

1. Hvað er gott og gagnlegt við það sem er kennt í FB núna?

- Gott að það séu engin lokapróf.
- Kennslustundirnar eru vel skipulagðar
- Málfræði og stjórnmál
- Flestir áfangar vel planaðir og allir tímarnir nóg af lærdómi
- Næringarfræði
- Í öllu er eitthvað gagnlegt
- Íþróttfræði
- Efnið í áföngunum
- Fjölbreyttni í námi, allt fyrir alla.
- Fablab áfanginn er sérstaklega gagnlegur og aðstæður á bókasafninu t.d. podcast aðstæður
- Kennsla í íslensku (segja nemendur af erlendum uppruna)
- Lögð er áhersla á árangur, góð samskipti milli nemenda og kennara.
- Námið er fjölbreytt og allir geta fundið eitthvað fyrir sig.

2. Hvaða námsgreinar eru ómissandi að ykkar mati?

- Íslenska, enska, stærðfræði (nær allir hópar)
- Franska
- Verklegt í snyrtifræði
- Íþróttir
- Íslenskan er mikilvægust allir þeir áfangar.
- Flest sem er kennt er mikilvægt

3. Hvað myndir þú vilja læra í skólanum sem er ekki kennt?

- Fjármálafræði, fjármálalæsi
- Samskipti
- Franska
- Fjármál
- Home Ec.
- Kraftlyftingar
- Læra norsku í staðinn fyrir dönsku (einfaldari fyrir okkur að læra og gagnast jafn vel)
- Kenna um geðræna sjúkdóma
- Bardagalistir
- Læra um rafmagn fyrir bíla (nem. á rafvirkjabraut)
- Fræða um andlega heilsu

4. Hverju mætti breyta, sleppa eða gera öðruvísi?

- Val um hvaða norðurlandamál nemendur læri, t.d. að hægt sé að velja norsku
- Sleppa dönsku sem skylduáfanga, má vera val um að læra dönsku (margir hópar)

- Má breyta hvernig líffræði er kennd. Nemendur eiga erfitt með að skilja og prófin eru á röngum tíma
- Efnafræði og eðlisfræði mætti kenna öðru vísi
- Sleppa jarðfræði og efnafræði
- Sleppa stærðfræði því við erum með reiknivélar
- Sleppa annað hvort dönsku eða 3 tungumálinu, ekki hafa skyldu að gera bæði
- Kenna norsku frekar en dönsku, norska skilst vel bæði í Svíþjóð og Danmörku en danskan ekki eins vel í Noregi.
- Það væri gott ef kennarar væru með sömu reglurnar í sambandi við kennslu
- Nota meiri ensku
- Kenna íslensku eins og hún var kennd áður, erfitt hvernig tungumál eru kennd núna (tillaga frá nemendum af erlendum uppruna)

5. Er eitthvað sem þið viljið bæta við?

- Fjölbreyttari kennsluaðferðir
- Fjölgja bílastæðum
- Leyfa sölu á orkudrykkjum
- Best væri ef allir áfangar yrðu kenndir eins, óháð kennara
- Girnilegri mat í kælinn, meira úrval af mat (en samt ekki hádegismatinn, hann er frábær)
- Hádegismatur í 60 mín, ekki 40 mín.

Stofa 102

Gunnar Tryggvason –

1. Skólinn er með góðan og víðan grunn að öllu því sem tengist námi í rafvirkjun Góðir kennarar og kvöldskóli.
2. Ómissandi áfangar í rafvirkjun eru : verklegar raflagnir, rafmagnsfræði og stýringar.
3. Vantar að kenna fjármálalæsi og auka i kennslu á hin ýmsu verkfæri sem notuð eru í verklegum áföngum og svo má bæta við valáföngum í rafvirkjun.
4. Það sem þyrfti að laga er: loftræstikerfi skólans, auka samvinnu við Smiðju þannig að rafvirkjanemar fái tækifæri til að leggja raflagnir smíðuð hús þar.
5. Vantar Mathöll í matsal nemenda.

Stofa 303

Valdís Ólafsdóttir – Verkleg snyrtifræði á 1. önn

1. Gott og gagnlegt:
 - Mikill fjölbreytileiki í áföngum og margar brautir í boði.
 - Mikil áhersla lögð á hreinlæti.
 - Áfanginn SMSÓ (Smitvarnir og sóttthreinsun) góður og gagnlegur, vildu gjarnan hafa hann stærri (er 1 kennslustund á viku).
 - Ánægðar með LÍOL áfangann, Efnafræði snyrtivara og alla verklegu áfangana á snyrtbraut.

2. Ómissandi námsgreinar:

- SMSÓ (Smitvarnir og sóttthreinsun)
- Andlitsmeðferð (ANMF)
- Efnafræði snyrtivara
- SAÞJ (Þjónustusiðfræði)
- Skyndihjálp
- Allir áfangar á 1.önn á snyrtibraut

3. Hvað myndir þú vilja læra í skólanum sem ekki er kennt?

- Laser háreyðingar
- Lash Lift
- Brow Lamination
- Naglafræði
- Augnháralengingar
- Sykrun
- Gervineglur

4. Hverju mætti breyta, sleppa eða gera öðruvísi?

- Efnafræði fyrir snyrtifræðinema – vilja frekar fleiri áfanga í Efnafræði snyrtivara
- Líffræði sem undanfara (2 áfangar í LÍOL eru nóg, en ánægðar með þá)
- Gera „update“ á kennsluáfanga eins og förðun, gera þá meira nútímalega
- Kenna áfanga betur, hafa meiri sýnikennslu.
- Hafa færri áfanga á 1.önn á snyrtibraut – vildu frekar lengja námið. Of mikið álag.
- Hafa fleiri pásur í verklegum tímum eða eina stærri pásu.
- Hafa fleiri þvottabursta í hand- og fót snyrtingu.
- Hafa betri vinnubúninga, hafa vasa á buxum, hlýrri peysu, buxur með teygju í mittið.
- Hafa meira í pakkanum sem þær kaupa í byrjun á snyrtibraut, vilja frekar borga meiri pening og fá betri pakka.
- Hafa hópverkefni dreifðari og hafa hópavinnu þannig að hún sé unnin í skólanum, ekki sem heimanám.

5. Er eitthvað sem þið viljið bæta við?

- Of mikið heimanám, ekki allir sem ná að æfa sig því þeir hafa ekki aðstöðu heima (verklegir áfangar), vilja því fækka áföngum en lengja námið að sama skapi.
- Fá betri rökstuðning á einkunnir, ekki bara tölu.
- Fá betri leiðsögn meðan verið er að vinna í verklegum tímum, meiri sýnikennslu.
- Fá betri búninga – meiri gæði.
- Fá betri búningaaðstöðu.
- Hafa ruslafötu inná snyrtibraut.
- Hafa fjölbreyttara úrval í matsal nemenda, fleiri tilbúna rétti, t.d. pastabakka.

Stofa 35

Sigríður Kristjana Ingimarsdóttir – Íslenska

*Fyrst vinsamleg ábending frá nemendum, hvort hægt væri að kalla fyrirbærið annað en „fund“? Þeim fannst heitið ekki nógu aðlaðandi ... **uppástungur úr hóp:**
Skólaping, skólaumræður.*

- **Gott í FB:** Kennarar góðir og áhugasamir, flestir vel skipulagðir, skemmtilegir og gera námið áhugavert.
- **Gagnlegt:** Ánægð að fá skyndihjálp, eru ánægð með tungumálakennslu og finnst upplýsingatækni mjög góð og gagnleg.
- **Ómissandi:** Upplýsingatækni algjörlega ómissandi (einróma samþykki). Einnig ómissandi að læra tungumál, íslensku, ensku og stærðfræði. Nemar á sjúkraliðabraut sögðu að LOL-ið væri ómissandi.
- **Eitthvað sem ekki er kennt:** Uppástunga að „how to adult 101“. Vildu fá þjálfun í hlutum eins og að gera ferilskrár, sækja um störf, gera skattaskýrslur, lifa sjálfstæðu lífi sem fullorðnir einstaklingar, heilbrigt lífni, líkaminn ... Umræður leiddu í ljós að þeim þótti þetta ekki passa í einn áfanga en veltu því fyrir sér hvort ekki væri hægt að skjóta markvisst inn verkefnum sem þjálfuðu þessa þætti í einstaka áfanga þar sem það myndi passa inn í . T.d. hvort hægt væri að gera ritunarverkefni í íslensku sem væri æfing í að gera ferilskrá (er svosem í AA í Ísl, en mætti e.t.v. bæta við í II ...).
 - Ég benti þeim í kjölfarið á þessari umræðu á að áfangi í fjármálafræðslu væri í boði í skólanum og þeim fannst að það ætti að vera skylda fyrir allar brautir.
 - Einn nemandi vildi fá matreiðslubraut í FB.
 - Einn umræðuhópur stakk upp á að bjóða upp á grunnáfanga í lögfræði á öllum brautum, hópurinn í heild var sammála um að þetta gæti gagnast mörgum.

BREYTA OG BÆTA

- Vilja lengri hádegismat, vilja fá klukkutíma í hádegismat.
- Vilja byrja seinna í skólanum, stungu upp á 8:45.
- Þrátt fyrir að almennt væru þau mjög ánægð með kennara komu eftirfarandi ábendingar fram:
 - Sumir kennarar mættu vera duglegri að skipuleggja efni á Innu og vera duglegri að setja efni á Innu.
 - Einn nemandi kom í lok tímans og vildi að kvartanir vegna kennara væru teknar betur til greina.
- Vilja meira úrval af tungumálum, t.d. að franska væri líka í boði til viðbótar við þýsku og spænsku.
- Vilja fjölbreyttara úrval af raunvísindaáföngum
- Stungu upp á að danska yrði valáfangi í stað skyldu (svipað og þýska og spænska).
- Ánægja með aðgengi að námsveri en vildu að það væri aðgengi að fleiri kennurum í námsveri, að hafa einstaklinga þar sem þekktu vel til á hverri braut (þ.e.a.s. t.d. einn raungreinakennara, einn tungumálakennara o.s.frv).
- **Bílastæðamálin komu fyrir í öllum hópum.** Vilja bæði fleiri og rýmri bílastæði. En bentu einnig á að malbikið væri alls ekki gott, það mætti gjarnan laga malbikið á bílaplaninu.

- **Skápar komu fyrir í öllum hópum.** Vilja fjölga þeim og hafa alla skápa jafnstóra. Bentu s.s. á að þeir eru misstórir og menn keppast um að fá skápana hverja önn.
- **Og vilja að það sé alltaf gott aðgengi að ferskum ávöxtum í mötuneyti nemenda.**

Að lokum; einn nemandi hafði orð á því að hýbyli gullfiskanna væru heldur napurleg og ónotaleg, hvort það væri ekki hægt að gera umhverfið þar eitthvað meira aðlaðandi og huggulegra ☺ Stærri búr eða einhverjar plöntur handa þeim.

Stofa 351

Andrea Magdalena – Nemendur í þrívíðri formfræði

- **Hvað er gott og gagnlegt við það sem er kennt í FB núna?**

Grunnáfangarnir á myndlistarbrautinni

Það eru margar brautir sem hægt er að velja um að læra.

Gott að það sé verið að kenna upplýsingatækni. Margir sem kunna lítið. Það eykur styrk nemenda.

Ánægja með íslenskukennslu og myndlistaráfanga.

- **Hvaða námsgreinar eru ómissandi að ykkar mati?**

Tungumálaáfangar.

Íslenska, enska og stærðfræði.

Áfangi sem inniheldur fjármálalæsi.

Flestir grunnáfangar.

Allir áfangar eru nauðsynlegir.

- **Hvað myndir þú vilja læra í skólanum sem er ekki kennt?**

Latína.

Franska.

Meiri kennsla fyrir grunn í arkitektúr. Það væri gott ef það væri sér braut fyrir þá kennslu.

Íslenskt táknmál, væri gott að hafa það í vali.

- **Hverju mætti breyta, sleppa eða gera öðruvísi?**

Mætti sleppa dönsku fyrir þá sem stefna ekki á nám í Danmörku.

Hafa aðgang að World Class lengur en til kl. 16. Mjög margir eru í skólanum til kl. 16 eða 17 og aðgangur að World Class nýtist þeim ekki.

Breyta því að það þurfi að koma í skólann til að fá að breyta eða laga stundatöfluna í byrjun annar. Það geta verið margar ástæður fyrir því að geta ekki mætt í eigin persónu til að gera breytingar. Óþarfa vesen að þurfa að koma og bíða lengi til þess að fá breytingu á töflu.

Óánægja með að það sé ekki hægt að hætta í áfanga á miðri önn.

Óánægja með fjölda íþróttaáfanga sem þarf að ljúka til að útskrifast. Ættu að vera færri.

Mætti sleppa ónauðsynlegum áföngum. T.d. umsjónartímum, hann mætti t.d. vera sjaldnar á önn. Þau sem voru í fræðafanganum á sl. skólaári voru óánægð með hann og hefðu viljað nota tímann í annað.

- **Er eitthvað sem þið viljið bæta við?**

Árekstrar! Mjög erfitt er að missa af tímum. Ef til þess kæmi að það væri árekstur þá ættu að vera verkefni sem hægt væri að vinna í stað tímans sem tapaðist. Slæmt að

Það sé ekki eiginleg bók sem hægt er að stóla á við lærdóminn t.d. í listasögu. Glærurnar í tímum eru aðeins myndir, enginn texti eða mjög lítill. Þannig að það er lítið efni til að vinna með.

Stofa

Linda Hængsdóttir –

Athugasemdir um myndlistarbraut

- Félagsvísindi ætti að vera valfal á myndlistarbraut og tölvubraut, en ekki skylda. Möguleiki væri að hafa bara einn áfanga.
- Fækka þyrfti íþróttaáföngum á brautinni
- Það þyrfti að vera kvikmyndaáfangi sem val
- Áhersla á málningaáfanga á myndlistarbraut. Læra að gera striga og kannski málningu. Brautina þyrfti maður að geta klárað á 3 árum; hún er mjög löng eins og hún er núna.
- Kenna ætti hreyfimyndir og tölvulist (ekki photoshop)
- Of mikið er af söguáföngum á brautinni; þar mætti þjappa saman áföngum. Stundum er verið að endurtaka t.d. list og menning. Það ættu að vera 3. áfangar í listasögu og einn í list og menningu.

- Ómisandi námsgreinar á brautinni: Portfólió, íslenska, lítafræði, listasaga, enska, stærðfræði, 3. tungumálið, líffræði, íþróttir, skyndihjálp.

Athugasemdir um allar brautir:

- Leggja þarf meiri áherslu á íslensku á öllum brautum
- Þjóða þyrfti upp á matreiðslu sem val
- Brautir í skólanum eru fjölbreyttar og valáfangar eru góðir. Myndlistarbrautin er góð.
- Fjármálalæsi-áfangi þyrfti að vera á öllum brautum

Aðrar brautir:

- Tölvubrautin er góð

Hugmyndir: Þjóða upp á bílabraut. Fjölbraut: stutt braut t.d. 1 eða 2 ár þar sem blandað væri saman verklegum og bóklegum áföngum. Eftir það myndu nemendur fara áfram í bóknám eða verknám.

Stofa 901

Hanna Lára Gylfadóttir – Húsasmíði

1. **Hvað er gott og gagnlegt sem kennt er í FB núna?**
 - Gagnlegur grunnur í húsasmíðadeildinni
2. **Hvaða námsgreinar eru ómissandi að ykkar mati?**
 - Stærðfræði
 - Teikning
3. **Hvað myndir þú vilja læra í skólanum sem ekki er kennt?**
 - Ekkert svar
4. **Hverju mætti breyta, sleppa eða gera öðruvísi?**
 - Byrja 9:50

- Hætta 15:00 eða fyrr
 - Skólinn finn eins og hann er
5. **Er eitthvað sem þið viljið bæta við?**
- Eitthvað um endurtekningar í námi sem er pirrandi
 - Erfitt að bæta við fögum vegna uppsetningu stundatöflu (niðurröðun áfanga) til að ná að taka stúdentspróf samhliða verklegu námi
 - Skólinn allt of lengi á daginn og lítið af tíma eftir skóla
 - Ekki rétt stærðfræði kennd miðað við val á verklegu námi og óþarfa atriði kennd (ekki nógu hagnýtt stærðfræði)

Stofa 107

Hjörvar Ingi Haraldsson –

Spurning. 1

Gott að það sé kenndur góður kjarni, stærðfræði, tungumál osf.

Mjög gagnlegt að hafa mikla stærðfræði.

Létt að fá aðstoð og slatta af hópa verkefnum.

Spurning. 2

Stærðfræði, Nauðsynlegar tölvugreinar, grunnur í raunvísindi.

Spurning. 3

Skák, Tölvuhögun.

Spurning. 4

Laga einingarfjölda á greinum, minnka íslensku, hafa dönsku og þriðja tungumáls áfanga sem val. Minnka um einn áfanga í íslensku og ensku.

Spurning. 5

Nemendur vilja fækka skyldu áföngum og fá meira frelsi í því sem við erum að læra.

Að íþróttir séu metnar fyrir nemendur sem eru í viðurkenndum íþróttum utan skóla.

Grunnur í allar brautir: 5 einingar í sögu, 10 einingar í raungreinum, 5 einingar félagsfræði, 15 einingar í stærðfræði, 20 einingar íslensku, 5 einingar dönsku, 10/15 einingar í ensku, Lágmark 15 einingar í val (Frjálst val). Uppt2 skylda. Hóp áfangi af efni sem þarf að kenna en ekki nægilegt magn í heilan áfanga, til dæmis 5 einingar áfangi sem kennir í 3 vikur kynjafræði, umhverfisfræði, skyndihjálp, vélritun, notkun á gervigreind í kennslu.

Stofa 308

Guðrún Árdís Össurardóttir – Fata- og textílbraut

Hópur 1

1. Fatasaumur er góður og gagnlegur áfangi. Það er einnig mjög gaman í Textílhönnun.

2. Fatasaumur, tiskuteikning, textílhönnun.

3. Hagfræði

4. Breyta hvernig hönnunarsaga er kennd eða taka út. Ákveða hvort áfanginn sé verklegur eða bóklegur. Gera kennsluna meira grípandi. Leyfa efninu að anda og ekki bara allt í einni bunu.

Hópur 2

Þrykk og sníða gerð sníðagerð

Textíl litir og þrykk, mætti fara dypra í þrykkið.

skósmíði ! photoshop, clo3d! alavegana sækja um að skolinns geti verið með afslátt, mætti fara líka dýpra í saumtækni.

sleppa hönnunar sögu. Það eitt google search...

verklegrir tímar mættu ver lengri eða oftari í vikur.

Hópur 3

1. Mikið af fjölbreyttu námi

2. Fatasaumafanganir

3. Bæta við skartgripagerð

4. Minnka eða sameina hönnunar sögu áfangana, mjög mikið af óþarfa hlutum kennt í áfanganum(hjálpar ekkert að vita hver var fyrsti skólastjórinn í eith menntaskóla

5. Bæta skipulag með áfangaval og stundatöflur okkar

Stofa

Guðlaugur Jóna Árnason – Íslenskuþorpið

1. Mörg fög sem hægt er að velja um. Kennararnir eru vinalegir og hjálpsamir. Mikið af efni til að vinna með (t.d. í myndlist).

2. Stærðfræði, eðlisfræði, enska, íslenska, upplýsingatækni

3. Kvikmyndagerð, Animation, Japanska, Arabíska, Sjálfshjálp eða núvitund (self-care), Home economics/Domestic science

4. Það er ekki hægt að borga með reiðufé í matsölunni. Sumir nemendur í íslenskuþorpi eru ekki með bankakort svo þetta er stórt vandamál. Matsalan tekur ekki heldur við gráa kortinu frá Vinnumálastofnun sem flóttafólk fær til að kaupa mat. Það eru ekki margar bækur á öðrum tungumálum á bókasafninu. Engar bækur á arabísku eða frönsku eða japönsku.

5. Strætó kemur oft seint og stundum detta niður ferðir og nemendur geta misst úr marga tíma yfir önnina vegna þess. Oft mjög hált á leiðinni yfir bílastæðið frá strætóstoppistöðinni.

Stofa 103

Sigursteinn Sigurðsson – TNTÆ1GA03

1. Allt sem kennt er í rafvirkjun er mikilvægt.

2. Rafmagnsfræði lykilatriði.

3. Fjármálalæsi, valáfangar.

4. Frjáls mæting, mæta 10, próftími stytur og kennsla um fjarmál ekki Hávamál.

Fundarefnið var nokkrar spurningar varðandi námið í skólanum. Hér á eftir eru spurningarnar ásamt með þeim punktum sem komu fram við hverja spurningu. Umræður voru almennt góðar en einstaka sinnum þurfti fundarritari að blanda sér í umræðuna til að minna nemendur á að hér væri námið til skoðunar, ekki kennararnir, og brýna fyrir fundinum að fara í boltann frekar en manninn í gagnrýni sinni.

1. Hvað er gott og gagnlegt við það sem er kennt í FB núna? Hér nefndu nemendur rafmagnsfræði, raflagnir, stýringar, rafvélar og forritanlegar raflagnir. Þessi fög hefðu beina tengingu inn í starf rafvirkja og hjálpuðu til við öðlast skilning, undirbúa fyrir frekara nám o.s.frv.
2. Hvaða námsgreinar eru ómissandi að ykkar mati? Rafmagnsfræði og raflagnir.
3. Hvað myndir þú vilja læra í skólanum sem er ekki kennt? Nemendur nefndu að það mætti vera meira val á brautinni (engir valáfangar rúmast innan brautar eins og er). Fundarritari nefndi að sá möguleiki hefði verið ræddur að skapa pláss fyrir valáfanga og bjóða þá nemendum uppá að velja áfanga á öðrum brautum, s.s. grunnteikningu, Fab lab o.s.frv. Nemendur tóku vel í þessa hugmynd.
4. Hverju mætti breyta, sleppa eða gera öðruvísi? Nemendur minntust á Tölvur og nettækni (TNTÆ) og ræddu um hversu gagnlegt það væri að læra þau atriði sem kennd eru í þeim áfanga. Í stað rökrása og Cisco ætti leggja áherslu á að setja upp einfalt netkerfi. Verktækni grunnnáms (VGRT), bóklegi hlutinn af VSME og Upplýsingatækni báru líka á góma og eins vildu nemendur sleppa íþróttum alveg. Nemendur ræddu hvort endurskoða mætti hlut smáspennu- og rafeindatækni á rafvirkjabrautinni. Eins mætti bæta jafnvægi milli bóklegra og verklegra áherslna í náminu, t.d. með því að auka við verklegar mælingar í rafmagnsfræði.
5. Er eitthvað sem þið viljið bæta við? Mætti passa betur upp á að nemendur fái að vinna verkefni á sínum hraða í samræmi við eigin getu. Mætti bæta einkunnagjöf, þ.e. að nemendur fái niðurstöður úr prófum tímanlega. Nemendur sem höfðu samanburð úr Tækniskólanum nefndu að það væri talsvert meira um göt í stundatöflu hér en þar, en fundargatið á miðvikudögum var líka nefnt í þessu samhengi.